

Ár 2010, föstudaginn 9. júlí, er á dómþingi Héraðsdóms Suðurlands, sem háð er í dómsal embættisins að Austurvegi 4, Selfossi af Sigurði G. Gíslasyni héraðsdómara, í málinu nr. S-42/2010:

Ákærvaldið

(Daði Kristjánsson saksóknari)

gegn

Sigrúnu Ósk Ómarsdóttur

(Sigurður Sigurjónsson hrl.)

kveðinn upp svohljóðandi

dómur:

Mál þetta er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 27. janúar sl. á hendur Sigrúnu Ósk Ómarsdóttur, kt. 000000-0000, Lambhaga 3, Árborg „fyrir brot gegn valdstjórninni, aðfaranótt sunnudagsins 12. október 2008, á lögreglustöðinni Hörðuvöllum 1, Árborg, með því að hafa slegið lögreglumanninn Tinnu Jóhönnudóttur, sem var við skyldustörf, hnefahögg í andlitið, með þeim afleiðingum að hún hlaut bólgukúlu, mar og eymsli hægra megin í andliti við hægri augabrún.

Telst þetta varða við 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 101/1976 og 1. gr. laga nr. 25/2007.

Þess er krafist að ákærða verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Mál þetta var þingfest 19. febrúar sl. og kom ákærða þá fyrir dóm ásamt Sigurði Sigurjónssyni hrl. og óskaði eftir skipun hans sem verjanda. Var lögmaðurinn skipaður verjandi ákærðu í þinghaldinu. Að frumkvæði dómara var málið tekið til úrskurðar um hvort vísa bæri því frá dómi og var sakflytjendum gefinn kostur á að tjá sig um það. Næst var málið tekið fyrir 4. mars sl. og var þá kveðinn upp úrskurður í því og málinu vísað frá dómi. Frávísunarúrskurðurinn var kærður til Hæstaréttar, sem felldi hann úr gildi með dómi sínum 19. apríl sl. Var í dómi Hæstaréttar lagt fyrir héraðsdóm að taka málið til efnislegrar meðferðar. Undirritaður dómari fékk málið til meðferðar 17. maí sl. Var þingað í málinu 3. júní sl. og kom þá ákærða fyrir dóm ásamt skipuðum verjanda sínum og neitaði

sakargiftum. Ekki var óskað eftir því af hálfu ákærðu eða verjanda hennar að skila greinargerð í málinu. Var aðalmeðferð ákveðin 23. júní 2010 og fór hún fram þann dag og var málið tekið til dóms að henni lokinni.

Verjandi ákærðu krafðist aðallega sýknu af öllum kröfum ákæruvaldsins, en til vara krafðist hann þess að ákvörðun refsingar yrði frestað skilorðsbundið og til þrautavara að ákærðu yrði dæmd vægasta refsing sem lög leyfa og að hún yrði bundin skilorði. Í öllum tilfellum krafðist verjandi jafnframt hæfilegra málsvarnarlauna úr ríkissjóði.

Málavextir.

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu er upphaf máls þessa að rekja til þess að laust eftir miðnætti aðfaranótt 12. október 2008 var óskað aðstoðar lögreglu á 800 bar við Eyraveg 2 á Selfossi. Þegar lögregla kom á staðinn var ákærða þar og óskuðu dyraverðir eftir því að lögregla færi með ákærðu burt. Er í skýrslunni haft eftir dyraverðum að ákærða og eiginmaður hennar hafi verið í miklum átökum og deilum inni á skemmtistaðnum og hafi eiginmaðurinn farið út og gengið til austurs eftir Eyraveginum. Segir í frumskýrslu lögreglu að ákærða hafi verið mjög ölvuð og æst og engin leið að tjónka við hana. Hafi ákærða verið færð í lögreglubíl og á lögreglustöð, en ekki hafi verið unnt að fara með hana heim. Eftir að lögregla og vinkona ákærðu, sem hafi komið með á lögreglustöð, hafi reynt all lengi að róa ákærðu hafi orðið ljóst að hún yrði að fara í klefa og sofa úr sér vímuna. Segir svo í frumskýrslu lögreglu að þegar lögreglumenn hafi verið að færa ákærðu í klefa hafi lögreglukonan TJ 0245, sem mun vera Tinna Jóhannudóttir, verið fengin til að fara í vasa ákærðu og taka af henni alla muni sem ekki mega fara með fanga inn í klefa. Á meðan Tinna hafi verið að sinna ákærðu hafi ákærða náð að slá Tinnu í andlit og hafi höggið komið ofan við vinstri augabrún og skilið eftir roða og eymsli að sögn Tinnu, eins og segir í skýrslunni.

Í framburði Tinnu hjá lögreglu kom fram að þegar hún hafi umrætt sinn verið að gera leit á ákærðu þá hafi ákærðu tekist að rífa aðra höndina lausa, snúið sér að sér og slegið til sín með krepptum hnefa í andlit og hafi höggið komið á augabrún. Hafi ákærða horft á sig með illskusvip um leið og hún hafi slegið sig. Bar vitnið að eftir þetta hefði hún fengið bólgu og roða við augabrúnina og verið mjög aum fyrir snertingu.

Ákærða gaf skýrslu hjá lögreglu en í framburði hennar þar kom fram að hún myndi ekki eftir atvikum og myndi ekki eftir því að hafa komið á lögreglustöðina á Selfossi um nóttina.

Við rannsókn málsins var aflað áverkavottorðs Marianne Brandsson Nielsen lækni við Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Í vottorðinu, sem er dagsett 18. ágúst 2009, kemur fram að umrædda nótt hafi Tinna verið í vinnu og hafi verið að setja einstakling inn í fangaklefa, ásamt öðrum lögreglumönnum, þegar viðkomandi hafi slegið hana með krepptum hnefa í andlitið. Þegar þetta hafi gerst hafi Tinna staðið bak við viðkomandi. Hafi Tinna fengið höggið hægra megin í andlitið á hægri

augabrún. Eftir áverkann hafi komið bólgukúla, mar og verkur við hreyfingar og snertingu. Síðan segir í vottorðinu „Við skoðun á Heilsugæslustöðinni á Selfossi þann 15. október 2008 sést ennþá mar yfir augnloki, eðlilegar hreyfingar á augum, sjón alveg eðlileg en eymsli við hreyfingar á augabrún og einnig við snertingu.“

Ekki þykir ástæða til að rekja frekar þær skýrslur sem gerðar voru við rannsókn málsins.

Framburður ákærðu og vitna fyrir dómi.

Ákærða bar fyrir dómi að hún myndi síðast eftir sér á Kaffi Krús á Selfossi löngu fyrir miðnætti umrætt kvöld. Hafi hún verið að neyta áfengis. Hún kvaðst ekki hafa skýringu á því hvers vegna hún myndi ekkert eftir nóttinni, en taldi það vera vegna áfengisneyslu. Hefði það gerst áður að hún hefði ekki munað atvik vegna áfengisneyslu. Taldi ákærða sig hafa verið í „blackout-ástandi“ og lýsti því að hún myndi ekki eftir neinum samskiptum við lögreglumenn eða eftir því að hafa verið á lögreglustöð. Næst kvaðst ákærða muna eftir sér þegar hún hafi vaknað heima hjá sér morguninn eftir. Hafi hún þá verið marín og blá á höndum. Lýsti ákærða því að hún hefði verið klóruð og marín á handleggjum og mjöðm. Hafi verið eins og för eftir fingur á handleggjum og hálsi hennar. Maðurinn hennar hafi þá sagt sér frá því að hún hafi verið á lögreglustöð um nóttina. Hafi lögreglumaðurinn Svanur Kristinsson sagt sér u.þ.b. tveimur dögum síðar að hún hafi slegið lögreglumann um nóttina á lögreglustöðinni. Hafi hún sagt Svani frá áverkunum. Ekki hafi ákærða farið til læknis og fengið áverkavottorð þar sem Svanur hafi sagt sér að ekki yrðu eftirmálar af atvikinu. Ákærða kvaðst ekki kunna skýringar á áverkunum, en sér hljóti þó að hafa verið haldið. Kvaðst ákærða ekki muna eftir að hafa lent í neinum átökum, hvorki á lögreglustöð né skemmtistöðum umrætt kvöld og nótt.

Vitnið Róbert Agnarsson eiginmaður ákærðu kvaðst vilja gefa skýrslu þó sér væri það óskýlt. Vitnið lýsti því að þau hjónin hefðu drukkið nokkra bjóra og skot og hafi ákærða staðið á miðju gólfi á 800 bar og skyndilega orðið rugluð. Hafi þau verið nýkomin á skemmtistaðinn. Hafi hann þá sagt við hana að þau skyldu koma heim, en ákærða hafi ekki ansað því. Þá hafi dyravörður haft af þeim afskipti og þá hafi ákærða orðið æst og viðhaft ljót orð. Dyravörðurinn hafi ekki viljað að vitnið færi með ákærðu heim, heldur hafi dyraverðirnir ákveðið að hringja á lögregluna. Þegar vitnið hafi séð lögregluna koma hafi vitnið fært sig til hliðar. Vitnið taldi að ákærða hefði ekki verið rugluð af áfengisneyslu heldur að ónafngreindur maður hefði sett ólyfjan í bjórinn hennar. Ákærða hafi ekki drukkið slíkt magn að hún gæti orðið viti sínu fjær af því. Engin átök hafi verið milli þeirra hjóna. Hjá vitninu kom það fram að hann hafi ekki orðið vitni að atviki því sem lýst er í ákærinni. Hann hafi séð áverka á ákærðu þegar hún hafi komið heim um nóttina eða morguninn en bæði hafi verið um að ræða mar og klór á hálsi og

handleggjum. Hann hafi rætt við Svan Kristinsson lögreglumann daginn eftir og sá hafi tjáð sér að ekki yrðu eftirmálar af atvikinu. Hafi Svanur ekki talið á því þörf að ákærða aflaði sér áverkavottorðs. Vitnið kvaðst hafa séð þegar ákærða var handtekin. Bar vitnið að ákærða hafi ekki veitt mikla mótspyrnu við handtöku og hafi ekki verið með áverka fyrir handtökuna. Tveir lögreglumenn hafi leitt ákærðu út í lögreglubíl. Taldi vitnið líklegt að áverkar hefðu komið á ákærðu þegar lögregla hefði verið að koma henni inn í fangaklefa. Vitnið kvaðst hafa sótt ákærðu á lögreglustöð um fimmleytið um nóttina og farið með hana heim.

Vitnið Inga Rún Björnsdóttir skýrði svo frá fyrir dómi að hún hefði ekki séð það atvik sem lýst er í ákæruskjali. Vitnið kvaðst vera nágranni ákærðu. Hún hefði frétt um nóttina að ákærða hefði verið sett í „fangelsi“ og hún hefði hringt á lögreglustöð þegar leið á nóttina til að reyna að fá ákærðu lausa því hún hafi ekki viljað að börn ákærðu vöknud til þess veruleika að móðir þeirra væri í „fangelsi“. Hafi vitnið farið með eiginmanni ákærðu á lögreglustöð um nóttina að sækja ákærðu. Hún hafi ein farið inn á lögreglustöðina. Hafi hún farið með lögreglu niður í fangaklefa og þegar lögreglumaður hafi ætlað að reisa ákærðu við hafi ákærða orðið mjög hrædd og reið. Þá hafi vitnið komið inn í klefann og hafi ákærða litið mjög illa út, fót hennar aflöguð og hún marin og klóruð. Hafi ákærða aðeins verið í hlýraból og stuttu pils. Hafi ákærða ætlað að ráðast á sig en hætt við það þegar hún hafi áttað sig á því hver vitnið væri. Hafi ákærða sýnilega ekkert áttað sig á því hvar hún væri. Hafi ákærða svo komið með sér út og þau hafi farið með hana heim og háttað hana ofan í rúm. Þegar ákærða hafi svo vaknað daginn eftir þá hafi hún spurt hvort það hafi ekki verið gaman í gær. Ekki hafi verið hægt að ná neinu raunverulegu sambandi við ákærðu um nóttina og hafi hún verið mjög einkennileg og grátið. Hefði ástand ákærðu verið allt öðruvísi en að hún væri drukkin. Daginn eftir hafi ákærða ekkert munað eftir atvikum næturinnar í samtali við vitnið.

Vitnið Davíð Ómar Gunnarsson lögreglumaður bar um það fyrir dóminum að hafa verið kallaður út í starfi sínu til að fara á 800 bar. Þegar hann hafi komið á staðinn hafi dyraverðir tekið á móti lögreglu og sagt að eiginmaður ákærðu væri farinn á brott. Hafi dyraverðir beðið lögreglu að taka ákærðu með sér þar sem hún væri alveg óviðráðanleg vegna ölvunar og reiði. Hafi ákærða verið jafn ölvuð og reið í þeirra höndum. Hafi vinkona ákærðu verið með og hafi hún engu tauti komið við hana. Hafi verið farið með ákærðu í lögreglubíl á lögreglustöð, en þar hafi verið reynt til þrautar að róa ákærðu niður og ná við hana sambandi en það hafi ekki tekist. Hafi því þrautalendingin orðið sú að vista ákærðu í fangaklefa og láta hana sofa úr sér. Aðspurður hvort ákærðu hafi verið ljóst að vitnið og starfsfélagar hans væru lögreglumenn fannst vitninu ákærðu ekki vera neitt ljóst. Þeir hafi verið í einkennisfatnaði lögreglu og á merktum lögreglubíl. Vitnið taldi að ákærðu hefði verið ljóst að hún væri stödd á lögreglustöð. Hafi ákærða verið orðljót við lögreglu og haft uppi hótanir í þeirra garð. Vitnið lýsti því að sér hefði virst ákærða skilja allt sem við hana hafi verið sagt, en hún hafi verið í ástandi eins og fólk geti orðið þegar það verði mjög drukkið. Þegar vitnið og starfsfélagar hans hafi verið komnir með ákærðu niður í fangamóttöku og verið að taka af ákærðu muni og setja ákærðu inn í klefa þá hafi vitnið og annar lögreglumaður staðið hvor sínu megin við ákærðu og þeim til aðstoðar hafi verið lögreglumaðurinn Tinna til að gera leit á ákærðu. Minnti vitnið að hann hefði staðið vinstra megin við ákærðu og lögreglumaðurinn Ágúst hægra megin. Fannst vitninu að Tinna hefði staðið skáhallt framan við ákærðu. Hafi verið haldið í hendur ákærðu, en ekki vissi vitnið

þó hvort eða hversu vel hinn lögreglumaðurinn hefði haldið. Þá hafi ákærða náð að slíta aðra hönd sína lausa frá hinum lögreglumanninum sem hafi verið hinu megin við ákærðu og slá eða berja í Tinnu. Vitnið kvaðst ekki hafa séð höggið sjálft, en orðið þess áskynja um leið og það gerðist, séð Tinnu hrökkva undan högginu og séð áverka á augabrún Tinnu, að hann minnti vinstra megin. Eftir þetta hafi verið lokið við leitina og ákærða verið sett í klefa. Vitnið taldi víst að tekið hefði verið í upphandleggi ákærðu en hún ekki verið tekin hálstaki. Taldi vitnið að ákærða hefði ekki verið klædd úr neinum fötum áður en hún var lokuð inni í klefa. Ekki mundi vitnið hvort ákærða hefði vísað til starfs þeirra sem lögreglumanna í tali sínu við þá.

Vitnið Tinna Jóhannudóttir lögreglumaður bar um það fyrir dóminum að hún hefði fyrst komið að máli ákærðu þegar komið hafi verið með ákærðu á lögreglustöð. Hafi hún verið til aðstoðar við að reyna að róa ákærðu. Hafi ákærða verið mjög æst og reið og hótað lögreglumönnum lífláti. Þegar hafi verið komið niður í fangamóttöku hafi þurft að gera öryggisleit á ákærðu. Tveir lögreglumenn hafi verið hvor sínu megin við ákærðu og haldið í hendur hennar. Þegar vitnið hafi ætlað að gera leitina hafi ákærðu tekist að rífa lausa aðra höndina og hafi hún slegið sig í aðra augabrúnina og hafi höggið verið „millifast“, en sér hafi lánast að víkja sér undan högginu og það hafi dregið úr því. Hafi hún verið bólgin og rauð á eftir og haft höfuðverk. Vitnið mundi ekki vel fyrir dóminum hvoru megin á höfðinu þetta hafi verið. Hafi vitnið verið bólgið í svólítinn tíma á eftir. Vitnið lýsti því að ákærða hefði snúið sér að sér og horft á sig um leið og höggið hafi riðið af. Engin sérstök orðaskipti hafi verið á milli þeirra áður sem hefðu átt að geta reitt ákærðu til reiði gagnvart sér frekar en öðrum lögreglumönnum. Vitninu fannst ákærða vera áttuð á því að hún væri stödd á lögreglustöð og að vitnið og starfsfélagar hennar væru lögreglumenn. Hafi t.a.m. komið fram hjá ákærðu að hún vildi ekki fara í fangaklefa. Hafi vitnið sem og aðrir lögreglumenn á staðnum umrætt sinn verið í einkennisfatnaði lögreglu. Vitnið taldi ákærðu hafa verið mjög æsta og ölvaða. Eftir höggið hafi ákærða verið tekin tókum, leit lokið og ákærða sett í klefa. Vitnið gat ekki gefið skýringar á áverkum á ákærðu. Ákærða hefði barist mjög um þegar átti að loka hana inni í klefa og þá hafi orðið átök.

Vitnið Ágúst Rafn Einarsson lögreglumaður bar fyrir dóminum að lögregla hefði verið kölluð að 800 bar og þá hafi ákærða verið þar mjög ölvuð ásamt vinkonu sinni. Eftir að reynt hafi verið að tjónka við ákærðu hafi lögregla tekið ákærðu með sér á lögreglustöð og hafi vinkonan komið með og inn á lögreglustöð. Eftir það hafi vinkona ákærðu farið. Á lögreglustöð hafi verið reynt mikið að róa ákærðu niður en það hafi ekki virst ætla að takast sökum ástands hennar. Hafi ákærða verið mjög ölvuð og mjög æst. Hafi því verið ákveðið að hún skyldi vistuð í klefa. Hafi þá vitnið ásamt lögreglumönnum Davíð og Tinnu farið með ákærðu niður í fangamóttöku. Hafi vitnið og Davíð haldið hvor í sína hendi á ákærðu þegar hafi átt að gera öryggisleit á ákærðu áður en hún færi inn í klefa. Hafi þeir verið hvor sínu megin við ákærðu, en Tinna staðið fyrir aftan ákærðu. Hafi þá ákærðu tekist að rífa lausa höndina sem vitnið hafi haldið í, litið á Tinnu og kýlt hana einu höggi í andlit. Eftir það hafi ákærða verið tekin tókum, færð í klefa og öryggisleit lokið. Kvaðst vitnið hafa haldið létt með annarri hönd um únlíð ákærðu þegar hún hafi rífið höndina lausa. Hafi vitnið talið sig halda nægilega í ákærðu. Þetta hafi gerst skyndilega. Minnti vitnið að það hefði séð höggið sjálft en gat ekki fullyrt um það. Vitnið lýsti því að hafa séð Tinnu „staulast frá í stutta stund“ og strax eftir þetta hafi Tinna verið með roða í andlitinu og hafi kvartað um höfuðverk stuttu

síðar. Ekki mundi vitnið hvort það hefði komið fram í tali ákærðu að vitnið og starfsfélagar hans væru lögreglumenn. Vitnið lýsti því að ákærða hafi verið ósátt við að fara í fangaklefa.

Vitnið Svanur Kristinsson lögreglumaður gaf skýrslu fyrir dóminum gegnum síma og skýrði svo frá að hann hafi verið við störf á lögreglustöðinni á Selfossi þegar komið hafi verið þangað með ákærðu. Hafi vitnið rætt við ákærðu, sem hafi verið mjög ölvuð og æst, í því skyni að reyna að róa hana niður. Hafi það ekki tekist og hafi hann því ákveðið, sem stjórnandi vaktarinnar, að ákærða skyldi vistuð í fangaklefa. Hafi hann ekki sjálfur séð um það og ekki orðið vitni að því atviki sem lýst er í ákæru. Hafi ákærða verið mjög illa áttuð og ekki gert sér vel grein fyrir stað og stund. Kvaðst vitnið vera ákærðu málkunnugur. Taldi vitnið að ákærða hefði áttað sig á því að hún væri stödd á lögreglustöð og að hann og starfsfélagar hans á staðnum væru lögreglumenn. Ekki mundi vitnið eftir því að hafa séð áverka á Tinnu, en sagði að Tinna hefði komið og sagt sér frá því að hún hefði verið slegin. Ekki mundi vitnið eftir að hafa séð áverka á ákærðu, hvorki áður en hún var vistuð í fangaklefa né áður en hún var látin laus. Eftir þetta hafi eiginmaður ákærðu haft samband við sig og hafi vitnið bent honum á að hafa samband við fulltrúa lögreglustjóra. Hafði vitnið sagt við eiginmanninn að ekki yrðu eftirmálar af atvikinu af sinni hálfu, en þá hafi hann aðeins átt við samræður vitnisins og ákærðu. Vitnið mundi ekki sérstaklega eftir að hafa rætt við ákærðu um atvikið nokkrum dögum eftir það eða strax eftir helgina.

Vitnið Marianne Ósk Brandsson Nielsen sérfræðingur í heimilislækningum á Heilbrigðisstofnun Suðurlands og trúnaðarlæknir lögreglunnar á Selfossi gaf skýrslu fyrir dóminum í síma og staðfesti að hafa útbúið áverkavottorð sem fyrir liggur í málinu. Tinna hafi komið til sín á miðvikudagskvöldinu 15. október 2008. Hafi þá áverkarnir ekki verið alveg nýir, en áverki verið lítill og vottað fyrir mari. Taldi vitnið að lýsing Tinnu á áverkum og atviki hafi samræmst áverkum þegar vitnið skoðaði þá. Ekki mundi vitnið hvort það sá bólgukúlu en að mjög líklegt sé að hún hafi komið fram fyrst eftir atvikið. Vitnið mundi eftir að hafa séð mar á Tinnu og hafi það samrýmst lýsingu Tinnu sjálfrar á bólgukúlu, en eðlilegt sé að bólgukúla hjaðni á nokkrum dögum.

Niðurstaða.

Hjá ákærðu hefur það komið fram, bæði hjá lögreglu og fyrir dómi, að hún muni ekkert eftir þeim atvikum sem lýst er í ákæru. Kveðst hún hvorki muna eftir sér á þeim skemmtistað sem hún var á þegar lögregla hafði af henni afskipti, né heldur á lögreglustöð. Verður niðurstaða málsins ekki byggð á framburði hennar.

Þau vitni sem viðstödd voru þann atburð sem lýst er í ákæru, þ.e. lögreglumennirnir Tinna Jóhannudóttir, Davíð Ómar Gunnarsson og Ágúst Rafn Einarsson, hafa öll borið um atvikið á áþekkan hátt. Hafa þau lýst því hvernig Davíð Ómar og Ágúst Rafn hafi staðið hvor sínu megin við ákærðu þegar Tinna hafi verið að byrja öryggisleit á ákærðu áður en hún yrði færð í fangaklefa. Hafa þau jafnframt lýst því hvernig ákærða hafi rifið lausa aðra hönd sína og slegið

Tinnu einu höggi í andlit. Hafa vitnin öll lýst því að ákærða hafi verið mjög ölvuð og æst.

Vitnið Róbert Agnarsson, eiginmaður ákærðu, var ekki viðstaddur það atvik sem lýst er í ákærinni, en hann hefur lýst þeirri skoðun sinni að hann telji að einhver ónafngreindur maður hafi sett eitthvað í glas ákærðu á skemmtistað og þess vegna hafi ákærða umhverfst. Þetta nýtur ekki stuðnings í málinu, en þess er að geta að ákærða sjálf taldi áfengisneyslu vera ástæðu þess að hún mundi ekki eftir nóttinni.

Hjá ákærðu og vitnunum Róbert og Ingu Rún Björnsdóttur hefur komið fram að ákærða hafi að morgni borið áverka, nánar til tekið mar og klór. Þykir langlíklegasta skýring þess vera sú að átök hafi orðið þegar ákærða var færð í fangaklefa, en framburðir um þetta þykja ekki breyta neinu um það hvort sannað þyki að ákærða hafi gerst sek um þann verknað sem hún er ákærð fyrir. Ekki liggja fyrir nein gögn um þá áverka sem borið hefur verið að ákærða hafi haft, s.s. læknisvottorð eða myndir.

Vitnið Svanur Kristinsson lögreglumaður bar að ákærða hefði verið ölvuð og æst þegar hún kom á lögreglustöð og að ekki hafi tekist að róa hana niður. Hafi því verið óhjákvæmilegt að vista ákærðu í fangaklefa. Athugasemdir vitnisins um að atvikið hefði ekki eftirmála þykja engu breyta, enda hefur vitnið borið um að það hafi átt við að atvikið hefði ekki eftirmála gagnvart sér persónulega, en fyrir liggur að vitnið hefur ekki ákvörðunarvald um framgang sakamála eftir að rannsókn þeirra lýkur.

Vitnið Marianne Ósk Brandsson Nielsen læknir hefur lýst því að hún hafi séð Tinnu, séð og skoðað áverka hennar þann 15. október 2008. Hafi þá sést lítill áverki og vottað fyrir mari. Hafi lýsing áverka í ákæru samrýmt því sem hún sá við skoðun, en mjög líklegt sé að bólgukúla hafi komið fram í upphafi og hjaðnað. Þykir hafið yfir skynsamlegan vafa að áverkum sé rétt lýst í ákærinni.

Fram hefur komið hjá öllum lögreglumönnum sem vitni báru í málinu að þeir hafi verið í einkennisfatnaði lögreglu og á merktri lögreglubifreið. Þykir ekki vafi á því að ákærðu hafi hlotið að vera ljóst að Tinna var lögreglumaður og var að sinna skyldustörfum sínum umrætt sinn.

Með hliðsjón af framangreindu þykir vera sannað að ákærða hafi gerst sek um þá háttsemi sem henni er gefin að sök í ákæru og er þar rétt færð til refsíákvæða.

Fyrir liggur að ákærða var mjög ölvuð og mjög reið, en ölvunarástand hennar leysir hana ekki undan refsingu, sbr. 17. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en ljóst er að ákærða var ekki rænulaus, en auk þess liggur ekkert fyrir sem rennir stoðum undir getgátur eiginmanns hennar um að eitthvað hafi verið sett í glas hennar. Þvert á móti hefur ákærða sjálf talið áfengisneyslu langlíklegustu skýringuna á ástandi sínu umrætt sinn.

Í málsvörn ákærðu var vísað til 2. mgr. 93. gr. sakamálalaganna nr. 88/2008 og þess að lögreglumenn skuli gæta þess eftir föngum að handtekinn maður geti ekki unnið tjón á sjálfum sér eða öðrum. Að mati dómsins getur þetta ekki leyst ákærðu undan því að bera ábyrgð á háttsemi sinni, en ljóst er að verknaður hennar

verður ekki refsilaus við það eitt að lögreglumaður kunni að hafa haldið ekki nægilega tryggilega í hönd ákærðu umrætt sinn.

Ákærða hefur því unnið sér til refsingar.

Samkvæmt sakavottorði hefur ákærða ekki áður gerst sek um refsiverðan verknað.

Nokkuð langt er um liðið frá því brot var framið. Umrætt atvik gerðist í október 2008, en rannsókn þess virðist ekki hafin fyrr en í júlí 2009 með skýrslutöku af Tinnu Jóhönnudóttur. Þá hafa aðrar tafir orðið á meðferð málsins. Ekki verður ákærðu kennt um þann drátt sem orðið hefur á málinu.

Þykir refsing ákærðu vera hæfilega ákveðin fangelsi í tvo mánuði en rétt þykir að fresta fullnustu refsingarinnar í tvö ár, sbr. 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og skal hún falla niður að þeim tíma liðnum haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákveða ber að ákærða skuli greiða allan sakarkostnað málsins, sbr. 1. mgr. 218. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008. Við rannsókn málsins féll til sakarkostnaður að fjárhæð kr. 78.132, sem er annars vegar kr. 8.412 vegna læknisvottorðs og hins vegar þóknun verjanda samtals kr. 69.720. Auk þessa kostnaðar ber ákærðu að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Sigurjónssonar hrl., sem teljast til sakarkostnaðar og eru hæfilega ákveðin kr. 135.000 að meðtöldum virðisaukaskatti.

Daði Kristjánsson saksóknari flutti málið af hálfu ákærvalds.

Sigurður G. Gíslason héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

DÓMSORÐ:

Ákærða, Sigrún Ósk Ómarsdóttir, sæti fangelsi í 2 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og skal hún falla niður að liðnum 2 árum frá birtingu dóms þessa haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærða greiði allan sakarkostnað, alls kr. 213.132, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Sigurjónssonar hrl., kr. 135.000.

Sigurður G. Gíslason

